

**Sp.**

**337. Tillaga til þingsályktunar**

[156. mál]

um bann við geymslu kjarnorkuvopna á íslensku yfirráðasvæði og lendingu flugvéla sem flytja kjarnorkuvopn.

Flm.: Svava Jakobsdóttir, Magnús T. Ólafsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa löggjöf er banni geymslu hvers konar kjarnorkuvopna á íslensku yfirráðasvæði og lendingu flugvéla sem flytja kjarnorkuvopn. Jafnframt verði kveðið á um eftirlit íslendinga til að tryggja að þessi lög verði virt.

**Greinargerð.**

Enda þótt skoðanir séu skiptar um réttmæti erlendra herstöðva hér á landi, munu þó allir íslendingar sammála um að hér skuli ekki vera kjarnorkuvopn. Engum dylst hvílkri hættu slíkt byði heim fyrir líf og öryggi íslensku þjóðarinnar.

Umræður um hugsanleg kjarnorkuvopn á Íslandi, nú síðast á yfirstandandi þingi, sýna hversu berskjaldaðir íslendingar standa gagnvart hernaðarumsvifum bandaríkjamanna hér á landi. Bandarísk yfirvöld neita að gefa upp hvort hér séu kjarnorkuvopn eða ekki, og íslenskir ráðamenn eiga ekki annars kost en flytja yfirlýsingar sem þeir hafa sjálfir engin tók á að sannreyna að séu réttar.

Vegna öryggishagsmuna íslensku þjóðarinnar hljótum við að gera hverjar þær ráðstafanir sem í okkar valdi standa til þess að tryggja að kjarnorkuvopnum sé bægt frá íslensku yfirráðasvæði. Flm. telja frumskilyrði að leitt sé í lög algert bann við geymslu hvers konar kjarnorkuvopna á íslensku yfirráðasvæði og lendingu flugvéla sem flytja kjarnorkuvopn. Í framhaldi af slíkri löggjöf er eðlilegt að komið verði á eftirliti íslendinga sjálfra til þess að tryggja að slík löggjöf verði virt meðan erlendur her og erlendar herstöðvar eru í landinu. Slíkt eftirlit þurfa að annast sérmenntaðir menn, sem hefðu í því skyni allan nauðsynlegan aðgang að herstöðinni.